



## Fundargerð

Fundur í stjórn dvalarheimilisins Barmahlíðar.  
Þriðjudaginn 31. ágúst 2020, kl. 15.00.

Fundarstaður: Fundarsalur í stjórnsýsluhúsinu Maríutröð 5a.

Mætt: Embla Dögg B. Jóhannsdóttir formaður, Karl Kristjánsson og Árný Huld Haraldsdóttir. Einnig sátu fundinn Hendrikka J. Alfreðsdóttir hjúkrunarforstjóri og Ingibjörg B Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður nefndarinnar bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Mál til afgreiðslu:

#### 1. Tilraunaverkefnið á Barmahlíð.

Reykholahreppur sendi erindi til þriggja ráðuneyta, félagsmálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis og sveitarstjórnarráðuneytis þann 2. júní 2020, er varðar tilraunaverkefni um samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Svar barst frá heilbrigðisráðuneytinu 3. júlí 2020. Þar sem ráðuneytið hafnar erindinu. Skv. svari frá ráðuneytinu kemur fram að;

*Þó samþætting heilbrigðis- og félagsþjónustu sé afar jákvætt skref í þjónustu við aldraða, sér í lagi í viðkvæmum byggðum, má vænta þess að inngrip sem þetta í rekstur eins hjúkrunarheimilis sé fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög og önnur hjúkrunarheimili. Umsókn Reykholahrepps um tilraunaverkefnið er því hafnað en hvatt til samvinnu við Heilbrigðisstofnun Vesturlands og önnur hjúkrunarheimili á svæðinu.*

Á fundinum var rætt við hjúkrunarforstjóra varðandi það að ekki væri heimild til að vinna að tilraunaverkefninu þar sem verkefnið hefði ekki fengist samþykkt. Ljóst er að kostnaður hefur hlotist af því nú þegar sem ekki er heimild fyrir í fjárhagsáætlun.

Hjúkrunarforstjóri yfirgaf fundinn.

Sveitarstjóra falið að taka saman þann kostnað sem hlotist hefur af verkefninu.

#### 2. Fjárhagsáætlun Barmahlíðar 2020.

Farið var yfir stöðu áætlunar 2020.

#### 3. Staðan á Barmahlíð.

Engin skýrsla lögð fram.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 16.15

---

---

---

---

---

---